



Ársskýrsla Lánasjóðs
sveitarfélaga ohf.

2013

Ársskýrsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2013


Almennt um Lánasjóð sveitarfélaga:

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Helstu verkefni ársins:


Lánveitingar og útlánakjör

Útborguð langtímalán á árinu námu 14.066 milljónum króna samanborið við 5.000 milljónir króna árið áður. Þessi mikla aukning útlána skýrist einkum af tveimur stórum lánveitingum; 5 milljarða króna láni til Kópavogsbæjar¹ og 2,8 milljarða króna láni til Félagsbústaða Reykjavíkurborgar². Hér til hliðar má sjá þróun lánveitinga sjóðsins undanfarin 5 ár.




Í gegnum tíðina hafa lánveitingar verið nokkuð jafnar á milli höfuðborgarsvæðis, vaxtarsvæðis³ og annarra landshluta. Á árinu 2013 var hins vegar töluvert meira lánað til höfuðborgarsvæðisins vegna stórra lánveitinga til Kópavogsbæjar og Félagsbústaða Reykjavíkurborgar og því breyttust hlutföllin í samræmi við það. Í árslok 2013 eru 40% heildarútlána sjóðsins til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu á höfuðborgarsvæðinu, 35% til vaxtarsvæða og 25% til annarra landshluta. Á myndinni hér að neðan má hins vegar sjá hvernig lánveitingar sjóðsins skiptust niður á milli landssvæða annars vegar á árinu 2013 og hins vegar á árinu 2012.

2012



■ Höfuðborgarsvæði ■ Vaxtarsvæði ■ Annað

2013



■ Höfuðborgarsvæði ■ Vaxtarsvæði ■ Annað

Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sveitarfélög hafa heimild í lögum til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum. Í árslok voru 99,9% útlána sjóðsins til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með slíkt veð. Vanskil í árslok 2013 voru engin.

¹ Fréttatilkynning Kópavogsbæjar 8. febrúar 2013

² Fréttatilkynning Félagsbústaða 12. júní 2013

³ Vaxtarsvæði: Árborg að Borgarbyggð án höfuðborgarsvæðis auk Akureyrar, Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs.

Á árinu 2013 veitti lánasjóðurinn aðallega útlán til 2024 og 2034 og endurspeglar útlánin þau skuldabréf sem lánasjóðurinn selur á markaði. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökur sjóðsins að viðbættu 0,05% vaxtaálagi til að koma til móts við rekstrarkostnað auk 0,15% vaxtaálags til að mæta beinum útlögðum kostnaði við útgáfu og viðskiptavakt sjóðsins.

Þá veitir lánasjóðurinn verðtryggð og óverðtryggð, uppgreiðanleg útlán af eigin fé sjóðsins með breytilegum vöxtum.

Lántökur og lánskjör

Á árinu 2013 fóru fram skuldabréfaútboð á innlendum skuldabréfamarkaði í þeim tilgangi að afla fjár til að endurlána sveitarfélögum. Haldin voru samtals 11 útboð í skuldabréfaflokkum sjóðsins LSS 24 og LSS 34 og var heildarsöluvirði þeirra útboða 10.223 milljónir króna. Sjóðurinn hélt einnig skiptiútboð á árinu þar sem bréfum í flokki LSS 0801 að nafnvirði 3.760 milljónum króna var skipt út fyrir bréf í flokki LSS 34 að nafnvirði 4.838 milljónum króna.



Á árinu 2012, til samanburðar, voru haldin 6 útboð og var LSS 34 gefinn út í fyrsta sinn í mars 2012. Heildarsöluvirði útgefna skuldabréfa sjóðsins á árinu 2012 var 3.630 milljónir króna. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Í árslok 2013 var heildar útgefið nafnverð í flokki LSS 24 30.614 milljónir króna og útgefið nafnverð í flokki LSS 34 13.924 milljónir króna.

Rekstur og afkoma ársins:

Hagnaður ársins nam 715 milljónum króna samanborið við 816 milljónir króna árið 2012. Megin skýring lækkunar hagnaðar er 99,5 milljóna króna niðurfærsla í rekstri sjóðsins vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur varðandi erlent lán til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sjá nánar undir „Stefnur frá lánþegum“.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 77.095 milljónir króna samanborið við 70.212 milljónir króna í árslok 2012. Útlán sjóðsins námu 69.316 milljónum króna í lok ársins samanborið við 60.542 í árslok 2012. Þá nam eigið fé 15.777 milljónum króna á móti 15.470 milljónum króna í árslok 2012 og hefur aukist um 2,0% á árinu. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 67% en var 64% í árslok 2012.



Stefnur frá lánþegum/eigendum

Þann 11. nóvember 2013 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Sveitarfélagsins Skagafjarðar gegn Lánasjóði sveitarfélaga. Lánasjóðnum er í dómmum gert að leiðrétta það lán sem ágreiningur var um, þar sem dómurinn telur það hafa verið í íslenskum krónum og með ólögmati gengistryggingu. Leiðrétting lánsins samkvæmt dómi héraðsdóms nemur 114 milljónum króna. Þar sem lánið er enn fært í bókum sjóðsins í erlendri mynt, þá hefur gengi áhrif á þá fjárhæð sem mun nema bókfærðum áhrifum á Lánasjóðinn, en í árslok 2013 nemur varúðarfærsla sjóðsins vegna þessa um 99,5 milljónum króna. Þann 30. desember 2013 ákvað stjórn sjóðsins að áfrýja dómmum til Hæstaréttar. Tvö önnur mál, vegna erlendra lána sjóðsins, eru nú til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í framhaldi af fyrsta gengislánadómi Hæstaréttar, í júní 2010, hefur sjóðurinn í tvígang sent FME útreikninga á lánasafni sjóðsins út frá forsendum og flokkun FME. Stjórn sjóðsins hefur ítrekað fjallað um lánasafnið út frá þeim dómmum sem fallið hafa undanfarið. Stjórn lánasjóðsins hefur verið á þeirri skoðun að lánasamningar sjóðsins hafi verið gerðir í samræmi við ríkjandi lög. Stjórn hefur ekki þótt ástæða til að gera varúðarafskrift eða upplýsa sérstaklega um fjárhæð mögulegra niðurfærslna í uppgjörum fram til þessa. Lán Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur nokkra sérstöðu í lánasafni sjóðsins. Í flokkun og útreikningum sem sjóðurinn framkvæmdi að forskrift FME er heildar höfuðstóll lána sem flokkuðust eins og lán Skagfirðinga bókfærð á 3.039 milljónir króna. Í árslok 2008 var verðmæti útlána sjóðsins í erlendum myntum samtals 19.188 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins m.v. 31. desember 2013 er 15,8 milljarðar og CAD hlutfall sjóðsins er 67%. Það er alls ekki skoðun lánasjóðsins að öll lán sem falla í sama flokk samkvæmt flokkun FME séu eins í skilningi laga.


Skjalagerð í láninu til Sveitarfélagsins Skagafjarðar er frábrugðin því sem almennt er í lánasafni lánasjóðsins. Það er mat lánasjóðsins, að höfðu samráði við lögfræðinga sjóðsins, að önnur lán sjóðsins í erlendri mynt séu í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Þá telja stjórnendur sjóðsins rétt að upplýsa að sú sérkennilega staða er uppi varðandi útreikning eiginfjárlutfalls skv. CAD útreikningi, að CAD hlutfall sjóðsins batnar við það að erlend lán séu dæmd ólögleg krónulán, þó í því felist fjárhagslegt tjón fyrir sjóðinn og þar með hluthafa hans. Þetta orsakast af því að erlend lán til sveitarfélaga vega 100% í CAD en lán í krónum 20%.

Hluthafar :

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er alfarið í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,4% hlut en 10 stærstu hluthafarnir eiga samtals 56% hlut í sjóðnum. Hér til hægri má sjá lista yfir 10 stærstu hluthafa sjóðsins.

Í apríl 2013 greiddi sjóðurinn út arð sem nam 50% af hagnaði ársins 2012, 408 milljónir króna. Vísað er til ársreiknings um aðrar breytingar á eiginfjárraikningum.



Stjórnendur og stjórnarhættir:

Framkvæmdastjóri lánasjóðsins :

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri. Óttar hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá því haustið 2008. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1992 og hefur m.a. starfað á Íslandi hjá Íslandsbanka, Kaupþingi, og Landsbréfum og á Englandi hjá SEB og Raphael&Sons. Óttar er með MSc í fjármálum frá London Business School og MSc og BSc í hagfræði frá Háskóla Íslands.



Stjórn lánasjóðsins :

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sjóðsins sem fram fór á Grand Hótelu þann 15.mars 2013 og hana skipa:



Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður. Magnús hefur setið sem formaður stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2003. Hann er núverandi sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 1990. Þess fyrir utan situr hann margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Kristinn Jónasson, varaformaður stjórnar. Kristinn hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2000 og þar af sem varaformaður frá árinu 2005. Kristinn er rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Bifröst og er núverandi bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Hann hefur starfað sem bæjarstjóri frá árinu 1998 og situr þar að auki í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Svanfríður Jónasdóttir, aðalmaður í stjórn. Svanfríður hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2006. Svanfríður er sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð og hefur starfað sem slík frá árinu 2006. Svanfríður hefur lokið meistaranámi í menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands og diplómaprófi í stjórnun. Svanfríður hefur verið aðstoðarmaður fjármálaráðherra, alþingismaður auk þess sem hún situr í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Ellíði Vignisson, aðalmaður í stjórn. Ellíði hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2010. Ellíði er bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 2006. Ellíði er menntaður sálfræðingur frá Háskóla Íslands auk þess sem hann hefur kennsluréttindi og meistaraþróf í klínískri sálfræði frá University of Copenhagen. Þar fyrir utan situr hann margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Helga Benediktsdóttir, aðalmaður í stjórn og formaður endurskoðunarnefndar LS. Helga hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2012 og sem formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins frá maí 2013. Hún starfar sem deildarstjóri fjárféringardeildar innan fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og hefur starfað sem slík frá árinu 2012. Þar áður var hún framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu og innri málefna Teris á árunum 2006-2011. Helga er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur auk þess lokið ýmsum námskeiðum frá Endurmenntunardeild Háskóla Íslands á sviði viðskiptafræða.

Stjórnarhættir LS :

Stjórn lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2012. Í mars 2013 veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfunda, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins (www.lanasjodur.is). Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega auk þess sem stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd til að vera sér innan handar varðandi eftirlit með vinnuferlum reikningskila, áhættustýringar og innra eftirlits.

Á árinu 2013 voru haldnir 13 stjórnarfundir og 6 fundir í endurskoðunarnefnd og var fundarsókn eftirfarandi:

Fundarsókn stjórnarmanna og nefndarmanna endurskoðunarnefndar		
Núverandi stjórnar- og nefndarmenn	Stjórnarfundir	Endurskoðunarnefnd
Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður	13	
Kristinn Jónasson, varaformaður	13	
Svanfríður Jónasdóttir, aðalmaður	13	
Ellíði Vignisson, aðalmaður	12	
Helga Benediktsdóttir, aðalmaður og form. endursk.nefndar	13	5
Hilmar Sigurðsson, varamaður í stjórn	1	
Birgir L. Blöndal, endurskoðunarnefnd		6
Anna Skúladóttir, endurskoðunarnefnd		6
Jónmundur Guðmarsson, fyrrv. formaður endursk.n.		1

Horfur framundan:

Umsvif í rekstri sjóðsins voru umfram væntingar á árinu 2013 þar sem útboð sjóðsins gengu afar vel og útlán voru talsvert meiri en árið áður. Hagnaður ársins lækkaði lítillega á milli ára sem skýrist af fyrrnefndri varúðarniðurfærslu vegna erlends láns og var ekki í samræmi við væntingar. Árið 2014 fer líflega af stað og væntingar standa til þess að eftirspurn eftir lánunum verði góð framan af ári en detti svo niður í tengslum við sveitarstjórnarkosningar í vor. Sjóðurinn væntir þess að niðurstaða fái í því dómsmáli sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar og að niðurstaða fái í fleiri tengdum málum á árinu 2014. Væntar niðurstöður geta haft áhrif á afkomu líðandi árs þar sem stefna stjórnenda er að gjaldfæra öll möguleg áföll strax. Að öðru leyti reikna stjórnendur með að rekstur sjóðsins verði áfram stöðugur hér eftir sem hingað til.



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Ársreikningur 2013

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9-26

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Hjá lánasjóðnum starfa þrír starfsmenn líkt og á árinu 2012.

Rekstur ársins 2013

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 715 milljónum króna samanborið við 816 milljónir króna árið 2012.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 77.095 milljónir króna á móti 70.212 milljónum króna í árslok 2012. Útlán sjóðsins námu 69.316 milljónum króna í lok árs samanborið við 60.542 í árslok 2012. Þá nam eigið fé 15.777 milljónum króna á móti 15.470 milljónum króna í árslok 2012 og hefur aukist um 2,0% á árinu. Vegið eiginfjárhlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 67% en var 64% í árslok 2012.

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 28. Í apríl 2013 greiddi sjóðurinn út arð sem nam 50% af hagnaði ársins 2012, 408 milljónir króna. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði út arður vegna ársins 2013 sem nemur 50% af hagnaði ársins, eða 358 milljónir króna. Vísað er til ársreiknings um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórnunarhættir

Stjórn lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2012. Í mars 2013 veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Til frekari upplýsinga er vísað í ársskýrslu sjóðsins.


Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2013.


Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2014



Svanfríður Inga Jónasdóttir


Elliði Vignisson


Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður


Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri


Kristinn Jónasson

Helga Benediktsdóttir


Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 7. mars 2014

KPMG ehf.

Hrafnildur Helgadóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Vaxtatekjur og verðbætur		4.954.311.206	5.121.426.788
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.907.101.818)	(4.179.186.219)
Hreinar vaxtatekjur	5	<u>1.047.209.388</u>	<u>942.240.569</u>
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	5.983.595	4.723.126
Hreinn gjaldeyrismunur	7	(87.335.871)	17.740.540
Aðrar rekstrartekjur		<u>(81.352.276)</u>	<u>22.463.666</u>
Hreinar rekstrartekjur		965.857.112	964.704.235
Laun og launatengd gjöld	8	61.393.367	53.062.509
Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu	9	42.649.817	32.390.384
Umboðsmaður skuldara	10	(18.513.309)	0
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		6.635.952	7.634.000
Annar rekstrarkostnaður	11	57.880.028	54.028.815
Afskriftir	18	1.195.628	1.195.628
Almennur rekstrarkostnaður		<u>151.241.483</u>	<u>148.311.336</u>
Varúðarniðurfærsla erlends láns	19	99.528.700	0
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		<u>715.086.929</u>	<u>816.392.899</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	12	0,14	0,16

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	13	4.392.652.302	5.473.122.439
Kröfur á lánastofnanir	14	3.224.378.218	4.041.633.305
Útlán og kröfur	15	69.316.203.659	60.512.044.029
Skammtímaútlán	16	0	30.097.500
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	17	111.866.373	105.882.778
Rekstrarfjármunir	18	47.825.096	49.020.724
Aðrar eignir		1.952.831	676.078
Eignir samtals		<u>77.094.878.479</u>	<u>70.212.476.853</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	20	52.225.181.655	43.661.299.977
Aðrar langtímalántökur	21	8.672.250.305	10.664.537.709
Skammtímalántökur	22	355.854.859	359.199.348
Lífeyrisskuldbinding	23	56.535.169	52.861.269
Aðrar skuldir	24	7.965.789	4.574.777
Skuldir samtals		<u>61.317.787.777</u>	<u>54.742.473.080</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé		9.527.090.702	9.220.003.773
Eigið fé samtals	25	<u>15.777.090.702</u>	<u>15.470.003.773</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>77.094.878.479</u>	<u>70.212.476.853</u>

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 31. desember 2013

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2012				
Eigið fé 1. janúar 2012	5.000.000.000	1.250.000.000	8.879.110.874	15.129.110.874
Arðgreiðsla			(475.500.000)	(475.500.000)
Hagnaður ársins og heildarhagnaður ..			816.392.899	816.392.899
Eigið fé 31. desember 2012	5.000.000.000	1.250.000.000	9.220.003.773	15.470.003.773
Breytingar á eigin fé 2013				
Eigið fé 1. janúar 2013	5.000.000.000	1.250.000.000	9.220.003.773	15.470.003.773
Arðgreiðsla			(408.000.000)	(408.000.000)
Hagnaður ársins og heildarhagnaður ..			715.086.929	715.086.929
Eigið fé 31. desember 2013	5.000.000.000	1.250.000.000	9.527.090.702	15.777.090.702

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins og heildarhagnaður		715.086.929	816.392.899
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur teknar út		(1.047.209.388)	(942.240.569)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir		167.774.751	(82.482.780)
Lífeyrisskuldbinding, lækkun	24	3.673.900	(522.675)
Afskriftir	18	1.195.629	1.195.628
		<u>(775.036.408)</u>	<u>(1.024.050.396)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt langtímalán		(14.066.367.878)	(4.999.732.000)
Innheimt langtímalán		6.400.418.848	8.253.818.508
Fjáreignir á gangvirði, hækkun		(5.983.595)	(4.458.023)
Skammtímalán veitt af sjóðnum, lækkun		30.000.000	180.000.000
Skammtímalán tekin af sjóðnum, lækkun		(3.672.010)	(710.826.720)
Aðrar eignir, (hækkun) lækkun		(1.276.753)	214.956
Aðrar skuldir, hækkun		3.391.012	1.649.375
Fengnir vextir		2.930.300.407	2.900.919.826
Greiddir vextir		<u>(2.081.287.894)</u>	<u>(2.003.956.500)</u>
		<u>(6.794.477.863)</u>	<u>3.617.629.422</u>
Handbært fé frá rekstri		(6.854.427.342)	3.409.971.925
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka		10.222.606.808	3.630.642.278
Afborganir langtímalána		(4.855.676.439)	(8.198.238.777)
Arðgreiðsla til sveitarfélaga		<u>(408.000.000)</u>	<u>(475.500.000)</u>
		<u>4.958.930.369</u>	<u>(5.043.096.499)</u>
Lækkun á handbæru fé		(1.895.496.973)	(1.633.124.574)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(2.228.250)	23.971.409
Handbært fé í ársbyrjun		9.514.755.743	11.123.908.909
Handbært fé í árslok		<u>7.617.030.520</u>	<u>9.514.755.744</u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka		4.392.652.302	5.473.122.439
Kröfur á lánastofnanir		3.224.378.218	4.041.633.305
		<u>7.617.030.520</u>	<u>9.514.755.744</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrntæki í eigu sveitarfélaga landsins, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrntæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og þyrntækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík. Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna. Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti ársreikning sjóðsins þann 7. mars 2014.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessa ársreiknings eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á öll tímabilin sem birt eru í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram.

2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

2.2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði.

2.3 Nýir staðlar og breytingar á stöðlum

Nokkrir nýir staðlar og breytingar á stöðlum tóku gildi í ársbyrjun 2013 en þeir höfðu ekki veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins. Nokkrir nýir staðlar og breytingar á stöðlum sem hafa verið staðfest af Evrópusambandinu munu taka gildi fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar og hefur ekki verið beitt við gerð þessa ársreiknings. Ekki er búist við því að þessir staðlar og breytingar á stöðlum hafi veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins þegar þeir taka gildi.

2.4 Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur sjóðsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

2.5 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er bæði starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill sjóðsins. Allar fjárhæðir eru birtar í krónum nema annað sé tekið fram.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfsrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadegi. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi eða gengi peningalegra eigna og skulda í erlendra mynt í lok ársins, er fært í rekstrarreikning.

2.6 Starfsþáttayfirlit

Stjórnendur sjóðsins skilgreina starfsemi hans sem einn starfsþátt sem felst í útlánum til sveitarfélaga og þyrntækja í eigu þeirra og/eða ríkis. Af þessum sökum birtir sjóðurinn ekki starfsþáttayfirlit.

2.7 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta fyrir alla vaxtaberandi fjármálagerninga nema þá sem tilgreindir hafa verið á gangvirði. Aðferð virkra vaxta byggir á því að reiknað er upphaflegt bókfært verð fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignar eða fjárskuldar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagernings, en tekur ekki tillit til mögulegs útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af virkum vöxtum sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

2.8 Afleiður

Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningurinn er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga eftir því sem við á.

Besti mælikvarðinn um gangvirði afleiðu við upphaflega færslu er viðskiptaverðið, þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem reitt er af hendi eða móttakið, nema að gangvirði gerningsins miðist við verð sambærilegra viðskipta með svipaða gerninga. Einnig getur gangvirði miðast við eða verið reiknað á grunni virðislíkana.

Innbyggðar afleiður, sem geta falist í ýmsum fjármálagerningum, eru aðskildar og færðar sérstaklega þegar hagræn einkenni þeirra og áhætta eru ekki nátengd móðurgerningnum og hann er ekki tilgreindur á gangvirði og breytingarnar færðar í rekstrarreikning. Innbyggðar afleiður eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi. Í árslok voru engar afleiður í reikningum sjóðsins.

2.9 Fjármálagerningar

Lánasjóðurinn skipar fjáreignum sínum í eftirfarandi flokka: veltufjáreignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning og útlán og kröfur. Flokkun fjárfestinga er ákvörðuð við upphaflega færslu í reikningsskilin.

(a) Veltufjáreignir

Fjáreign er færð í þennan flokk ef megin tilgangurinn er að selja eignina innan skamms tíma. Afleiður eru einnig flokkaðar sem veltufjáreignir nema þær séu í skilgreindu og virku áhættuvarnarsambandi.

(b) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi

Fjáreignir eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi skv. eftirfarandi:

- Tilteknar fjárfestingar eru færðar á gangvirði þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.

Slíkar fjáreignir eru færðar á gangvirði og breytingar á þeim færðar í rekstrarreikning. Ekki er mögulegt að breyta flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu.

(c) Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar sjóðurinn greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna.

Útlán og kröfur eru bókfærðar á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

(d) Nettun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

2.9 Fjármálagæringar, frh.

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádregnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á upphaflegu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

(e) Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og innstæður í Seðlabanka og kröfur á lánastofnanir.

2.10 Virðisrýrnun útlána og krafna

Við hver reikningsskil metur lánasjóðurinn hvort hlutlæg merki séu um að virði útláns eða safns útlána hafi rýnað. Samkvæmt lögum nr.150/2006 um lánasjóðinn er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum til að fjármagna verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélagi heimilt skv. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánnum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánnum.

Lánasjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum.

2.11 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til sjóðsins og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Afskriftir fasteignar eru reiknaðar með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádregnu niðurlagsverði á áætlaðan nýtingartíma, sem er 50 ár.

Niðurlagsverð eigna og nýtingartími eru endurskoðuð á hverju tímabili og leiðrétt ef það á við. Fyrnanlegar eignir eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar í hvert sinn sem atvik eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera lægra en áætlað endurheimtanlegt virði. Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði eignar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði, hvort sem hærra er. Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður eða -tap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning.

2.12 Lífeyrisskuldbinding

Á sjóðnum og samstarfsstofnunum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna sem hafa átt og eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbinding lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings. Útreikningur miðar við sömu tryggingarfræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þar á meðal 2% raunvexti og lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2007-2011. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning lífeyrisskuldbindingar.

2.13 Hlutfé

Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Á stofnfundi félagsins var samþykkt að nafnverð hlutfjár skyldi verða 5.000 milljónir króna. Félagið er í eigu íslenskra sveitarfélaga og eru eignarhlutir einstakra sveitarfélaga skilgreindir í lögum nr. 150/2006. Síðan þá hafa sveitarfélög sameinast og eignarhlutur runnið inn í sameinað sveitarfélag.

2.14 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem nauðsynlegt er, hafa samanburðarfjárhæðir verið lagfærðar til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu. Skýringu 4.2. var breytt til að sýna samningsbundnar endurgreiðslur.

2.15 Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er lánasjóðurinn undanþeginn greiðslu tekjuskatts. Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er lánasjóðurinn undanþeginn slíkum skatti. Samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er lánasjóðurinn undanþeginn stimpilgjaldi. Samkvæmt lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki er lánasjóðurinn undanþeginn skattálagningu skv. þeim lögum.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Mat eigna og skulda er byggt á mati stjórnenda sjóðsins. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan í samræmi við raunverulega niðurstöðu. Umtalsverð hættu er á því að matsaðferðir geti valdið verulegri breytingu á bókfærðri fjárhæð eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs. Sem dæmi um það er mat á gangvirði fjármálagerninga.

4. Áhættustýring

Sem lánaþyriræki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Deloitte ehf. sinnir innri endurskoðun lánasjóðsins og hefur gert frá árinu 2005.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hinsvegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfsemi. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum.

4.1 Útlánaáhætta, frh.

Sveitarfélögin eru nú 74 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 55 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Í árslok 2013 eru 99,9% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Í árslok 2013 voru þrjú viðskiptamenn flokkaðir sem viðskiptamenn með stóra áhættuskuldbindingu hjá lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 625/2013 ef heildar skuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 63% af heildarútlánnum sjóðsins samanborið við 60% í árslok 2012. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánsjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánsjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögnum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2013 kom ekki til þess að sjóðurinn beitti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	Hámark mótaðilaáhættu	
	2013	2012
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	4.393	5.473
Kröfur á lánastofnanir	3.224	4.042
Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	69.316	60.542
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	112	106
Aðrar eignir	2	1
Samtals mótaðilaáhætta	77.047	70.163

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hætta á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur. Framsetningu lausafjár- og fjármögnunaráhættu hefur verið breytt og inniheldur nú einnig samningsbundnar endurgreiðslur vaxta og hafa samanburðartölur verið leiðréttar til samræmis.

Staða 31.12.2013 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	7.617	0	0	0	0	7.617
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	112	0	0	0	0	112
Útlán	77	2.870	6.145	32.648	44.684	86.424
Samtals fjáreignir	7.806	2.870	6.145	32.648	44.684	94.153
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	374	2.751	4.327	26.922	41.419	75.793
Samtals fjárskuldir	374	2.751	4.327	26.922	41.419	75.793
Nettó eignir - skuldir	7.432	119	1.818	5.726	3.265	18.360

Staða 31.12.2012 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	9.515	0	0	0	0	9.515
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	106	0	0	0	0	106
Útlán	16	2.910	5.510	29.789	36.788	75.013
Samtals fjáreignir	9.637	2.910	5.510	29.789	36.788	84.634
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	380	2.807	3.490	24.455	33.837	64.969
Samtals fjárskuldir	380	2.807	3.490	24.455	33.837	64.969
Nettó eignir - skuldir	9.257	103	2.020	5.334	2.951	19.665

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta, frh.

Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda eftir mynt í m.kr. 31.12.2013.

	Verðtryggt ISK	Óverðtr. ISK	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir							
Árið 2014	7.721	7.796	1.172	105	20	7	16.821
Árið 2015	7.457	150	1.081	105	20	7	8.820
Árið 2016	7.189	146	1.458	287	20	7	9.107
Árið 2017	6.831	142	723	7	20	7	7.730
Árið 2018	6.448	137	382	6	11	7	6.991
Eftir árið 2018	40.535	977	2.855	181	44	92	44.684
Samtals fjáreignir	76.181	9.348	7.671	691	135	127	94.153
Fjárskuldir							
Árið 2014	5.882	356	1.113	101	0	0	7.452
Árið 2015	5.832	0	1.108	100	0	0	7.040
Árið 2016	5.780	0	1.485	282	0	0	7.547
Árið 2017	5.728	0	747	1	0	0	6.476
Árið 2018	5.464	0	394	1	0	0	5.859
Eftir árið 2018	38.526	0	2.756	137	0	0	41.419
Samtals fjárskuldir	67.212	356	7.603	622	0	0	75.793
Nettó eignir - skuldir	8.969	8.992	68	69	135	127	18.360

Greiðsluferill fjáreigna og fjárskulda eftir mynt í m.kr. 31.12.2012.

	Verðtryggt ISK	Óverðtr. ISK	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir							
Árið 2013	6.961	9.642	1.293	129	25	7	18.057
Árið 2014	6.538	0	1.143	129	28	7	7.845
Árið 2015	6.264	0	1.137	128	27	8	7.564
Árið 2016	6.004	0	1.542	332	27	8	7.913
Árið 2017	5.658	0	755	19	27	7	6.466
Eftir árið 2017	32.851	0	3.502	251	76	109	36.789
Samtals fjáreignir	64.276	9.642	9.372	988	210	146	84.634
Fjárskuldir							
Árið 2013	5.040	360	1.165	113	0	0	6.678
Árið 2014	4.873	0	1.190	113	0	0	6.176
Árið 2015	4.816	0	1.184	112	0	0	6.112
Árið 2016	4.759	0	1.588	317	0	0	6.664
Árið 2017	4.703	0	798	1	0	0	5.502
Eftir árið 2017	30.313	0	3.370	154	0	0	33.837
Samtals fjárskuldir	54.504	360	9.295	810	0	0	64.969
Nettó eignir - skuldir	9.772	9.282	77	178	210	146	19.665

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2013 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	6.129	20.167	22.609	10.951	59.856
ISK óverðtryggt	8.775	0	0	0	8.775
EUR	7.482	0	0	0	7.482
USD	678	0	0	0	678
JPY	131	0	0	0	131
CHF	107	0	0	0	107
GBP	16	0	0	0	16
Samtals fjáreignir	23.318	20.167	22.609	10.951	77.045
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	4.613	16.335	20.699	11.206	52.853
ISK óverðtryggt	356	0	0	0	356
EUR	7.432	0	0	0	7.432
USD	612	0	0	0	612
Samtals fjárskuldir	13.013	16.335	20.699	11.206	61.253
Nettó eignir - skuldir	10.305	3.832	1.910	(255)	15.792

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2012 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	9.415	14.644	17.676	8.303	50.038
ISK óverðtryggt	9.642	0	0	0	9.642
EUR	9.170				9.170
USD	966	0	0	0	966
JPY	206	0	0	0	206
CHF	123	0	0	0	123
GBP	18	0	0	0	18
Samtals fjáreignir	29.540	14.644	17.676	8.303	70.163
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	4.019	13.942	17.628	8.829	44.418
ISK óverðtryggt	359	0	0	0	359
EUR	9.112	0	0	0	9.112
USD	796	0	0	0	796
Samtals fjárskuldir	14.286	13.942	17.628	8.829	54.685
Nettó eignir - skuldir	15.254	702	48	(526)	15.478

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi í árslok 2013 miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur lánasjóðsins um 45 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,3% af eigin fé (árslok 2012: 70 milljónir króna eða 0,5% af eigin fé). Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	2013	2012
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt	100	101	74
ISK óverðtryggt	100	(55)	(3)
Erlendar myntir	100	(1)	(1)
Samtals		45	70

Verðbólguáhætta

Í árslok 2013 átti lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 7.003 milljónir króna (árslok 2012: 5.620 milljónir króna). Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 70 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 70 milljónir króna.

Áhrif verðtryggingar í m.kr.	2013	2012
Verðtryggðar eignir	59.856	50.038
Verðtryggðar skuldir	52.853	44.418
Nettó verðtryggingarstaða	7.003	5.620

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2013

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	87	0	0	0	87
Útlán	7.395	678	131	123	8.327
Samtals fjáreignir	7.482	678	131	123	8.414
Fjárskuldir					
Lántökur	7.432	612	0	0	8.044
Samtals fjárskuldir	7.432	612	0	0	8.044
Nettó eignir - skuldir	50	66	131	123	370

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2012

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	8	0	0	0	8
Útlán	9.162	966	206	141	10.475
Samtals fjáreignir	9.170	966	206	141	10.483
Fjárskuldir					
Lántökur	9.112	796	0	0	9.908
Samtals fjárskuldir	9.112	796	0	0	9.908
Nettó eignir - skuldir	58	170	206	141	575

Næmigreining gjaldmiðla

Næmigreining gjaldmiðlastöðu sjóðsins sýnir að 10% veiking íslensku krónunnar eykur hagnað og eigið fé sjóðsins um 37 milljónir króna eða 0,2% af eigin fé. Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað og eigin fé lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

Næmigreining gjaldmiðla í m.kr.	Styrking/veiking gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni	2013	2012
		Hagnaður eða tap	
EUR	(10%)	7	6
USD	(10%)	5	17
JPY	(10%)	13	20
CHF	(10%)	11	12
GBP	(10%)	1	2
Heild		37	57

4.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla um alla helstu þætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánessamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

4.6 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband Íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu lánasjóðsins og sambandsins.

4.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðum dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Lánasjóðurinn hefur farið yfir dóma Hæstaréttar sem fjalla um erlend lán og dæmd hafa verið ólögmæt. Að sama skapi hefur lánasjóðurinn farið yfir dóma Hæstaréttar þar sem um er að ræða lögmæt lán í erlendri mynt. Í héraðsdómi hefur eitt lán sjóðsins, lán til sveitarfélagsins Skagafjarðar, verið talið íslenskt lán með ólögmætri tengingu við erlenda mynt og hefur því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Lánið er bókfært þann 31.12.2013 á 171 milljón kr. Ákveðið var að gjaldfæra í rekstri varúðarniðurfærslu að fjárhæð 99,5 milljónir kr. vegna þessa. Skjalagerð í umræddu láni er frábrugðin þeirri sem almennt var viðhöfð í lánasamningum sjóðsins. Tvö önnur mál hafa verið höfðuð gegn lánasjóðnum þar sem deilt er um það hvort lán hafi verið í erlendri mynt. Heildar verðmæti þessara tveggja lána í árslok var 1.599 milljónir kr.

Þess má geta að í flokkun og útreikningum sem sjóðurinn framkvæmdi að forskrift FME er heildar höfuðstóll lána sem flokkuðust eins og lán Sveitarfélagsins Skagafjarðar bókfærð á 3.039 milljónir króna. Það er alls ekki skoðun lánasjóðsins að öll lán sem falla í sama flokk, samkvæmt flokkun FME, séu eins í skilningi laga. Í árslok 2008 var verðmæti útlána sjóðsins í erlendum myntum samtals 19.188 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins m.v. 31. desember 2013 er 15.800 milljónir kr. og CAD hlutfall sjóðsins er 67%. Það er mat lánasjóðsins, að höfðu samráði við lögfræðinga sjóðsins, að almennt séu lán sjóðsins í erlendri mynt í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4.8 Eiginfjárstýring

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veða á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins.

Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (Tier 1).

Lágmarks eigin fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt byggt á Basel II reglunum. Basel II skiptist niður í Stoð 1 (Pillar 1) og Stoð 2 (Pillar 2). Í Stoð 1 er áhættuþáttum skipt í útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu.

Í Stoð 2 er farið í nánari útfærslu á eigin mati og mælingum sjóðsins á eiginfjárlutfallinu sem svo er grundvöllur fyrir ICAAP matinu. Árið 2013 mat sjóðurinn eiginfjárbörf sína með svonefndu ICAAP ferli og skilaði til FME skýrslu þar um. Mat sjóðsins á eiginfjárbörf með ICAAP ferlinu er lykilþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

Skýringar

5. Hreinar vaxtatekjur	2013	2012
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur	4.450.812.082	4.691.169.792
Handbært fé og skammtímakröfur	503.499.124	430.256.996
	<u>4.954.311.206</u>	<u>5.121.426.788</u>

Vaxtagjöld og verðbætur		
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	3.907.101.818	4.179.186.219

6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	2013	2012
Peningamarkaðsbréf	5.983.595	4.723.126

7. Hreinn gjaldeyrismunur	2013	2012
Útlán	(751.196.769)	712.178.969
Lántökur	661.632.648	(690.594.562)
Kröfur á lánastofnanir	2.228.250	(3.843.867)
	<u>(87.335.871)</u>	<u>17.740.540</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Í lok ársins unnu þrír starfsmenn hjá sjóðnum líkt og á árinu 2012. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband Íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Stjórnarmenn fá 8% mótframlag í lífeyrissjóð frá sjóðnum og framkvæmdastjóri 12%.

	2013	2012
Laun	47.528.752	43.841.904
Greitt mótframlag í lífeyrissjóð	5.366.589	4.615.302
Reiknaður lífeyriskostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar	3.878.534	(94.054)
Önnur launatengd gjöld	4.619.492	4.699.357
	<u>61.393.367</u>	<u>53.062.509</u>

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	18.878.685	18.193.567
--	------------	------------

Stjórnarmenn:

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður	1.435.302	1.083.602
Kristinn Jónasson, varaformaður stjórnar	963.533	722.398
Svanfríður Inga Jónasdóttir, aðalmaður	943.533	722.398
Elliði Vignisson, aðamaður	943.533	722.398
Helga Benediktsdóttir, aðalmaður	922.444	544.869
Hilmar Sigurðsson, varamaður	60.541	0
Bryndís Gunnlaugsdóttir, varamaður	0	177.529
	<u>5.268.886</u>	<u>3.973.194</u>

9. Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu	2013	2012
Viðskiptavakt	35.500.001	24.628.452
Gjöld vegna verðbréfaútgáfu	3.237.029	2.860.332
Árlegur kostnaður vegna skuldabréfa	<u>3.912.787</u>	<u>4.901.600</u>
	<u>42.649.817</u>	<u>32.390.384</u>

10. Umboðsmaður skuldara

Lánasjóðnum bærust reikningar frá Umboðsmanni skuldara á árinu 2011 vegna kostnaðar embættisins fyrir árin 2010 og 2011 með vísan til laga nr. 100/2010. Lánasjóðurinn taldi gjaldtökuna ólögsmæta og höfðaði mál til endurgreiðslu. Þann 14. maí síðastliðinn gerðu lánasjóðurinn og íslenska ríkið með sér samkomulag þar sem ríkið féllst á að um væri að ræða þjónustugjald sem lánasjóðnum bæri ekki að greiða. Var lánasjóðnum endurgreitt ásamt vöxtum og málskostnaði. Þá setti Alþingi í lok ársins 2011 sérlög um greiðslu kostnaðar við rekstur Umboðsmanns skuldara nr. 166/2011 þar sem Lánasjóður sveitarfélaga er sérstaklega undanþeginn.

11. Annar rekstrarkostnaður	2013	2012
Þjónustusamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga	15.169.668	14.627.856
Rekstur húsnæðis	10.688.677	4.619.327
Tölvur og tölvukerfi	9.569.579	16.524.474
Endurskoðun og tengd þjónusta	8.250.892	6.520.373
Sérfræðiþjónusta	6.727.051	5.035.319
Ferðakostnaður	3.087.867	3.168.124
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	1.218.394	998.367
Gestamóttaka og risna	331.933	267.820
Önnur rekstrargjöld	<u>2.835.967</u>	<u>2.267.155</u>
	<u>57.880.028</u>	<u>54.028.815</u>

12. Hagnaður á hlut	2013	2012
Hagnaður ársins	715.086.929	816.392.899
Vegið meðaltal hlutafjár á árinu	<u>5.000.000.000</u>	<u>5.000.000.000</u>
Hagnaður á hlut	<u>0,14</u>	<u>0,16</u>

13. Sjóður og innstæður í Seðlabanka	2013	2012
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	277.721.302	757.009.300
Innstæðubréf Seðlabanka Íslands	<u>4.114.931.000</u>	<u>4.716.113.139</u>
	<u>4.392.652.302</u>	<u>5.473.122.439</u>

Sjóður og innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok ársins í samræmi við sjóðstremisýfirlit að fjárhæð samtals 7.617 milljónir samanborið við 9.515 í árslok 2012.

14. Kröfur á lánastofnanir	2013	2012
Bankareikningar	96.533.983	16.698.513
Peningamarkaðslán	3.127.844.235	4.024.934.792
Kröfur á lánastofnanir	<u>3.224.378.218</u>	<u>4.041.633.305</u>

15. Langtímaútlán og kröfur	2013	2012
Verðtrygð útlán	59.855.815.810	50.037.281.884
Útlán í erlendri mynt	8.326.913.560	10.474.762.145
Óverðtrygð útlán	1.133.474.289	0
	<u>69.316.203.659</u>	<u>60.512.044.029</u>

16. Skammtímaútlán	2013	2012
Óverðtrygð lán í krónum	0	30.097.500

17. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	2013	2012
Hlutdeildarskírteini	111.866.373	105.882.778

Lánasjóður sveitarfélaga lýsti kröfu í bú Glitnis banka hf. á grundvelli afeiðusamninga að fjárhæð kr. 6.723.002.437. Ágreiningur er á milli lánasjóðsins og slitastjórnar bankans um útreikning kröfunnar og nettun samninga. Þar sem sættir tókust ekki á milli aðila vísaði slitastjórn ágreiningnum til héraðsdóms í lok maí 2013. Þess má vænta að ágreiningur aðila verði tekinn til úrskurðar á árinu 2014, að loknum greinargerðarskilum og gagnaöflun aðila. Krafa lánasjóðsins á hendur Glitni banka hf. hefur verið færð niður í 0 kr. í bókum sjóðsins, sem stjórn telur eðlilegt með tilliti til óvissu á meðan ágreiningur er um fjárhæð hennar fyrir dómstólum.

Skuldabréf útgefið af SPRON var fært að fullu niður í bókum sjóðsins á árinu 2009 eða sem nam 113 milljónum króna. Kröfu að fjárhæð 144 milljónum var lýst í þrotabú SPRON þann 21. janúar 2010. Samkvæmt kröfuhafalista SPRON sem dagsettur var 10. mars 2010 var samþykkt fjárhæð kröfu 135 milljónir króna. Áætlanir skilanefndar benda til þess að endurheimtur verði undir 5%.

18. Rekstrarfjármunir

	2013	2012
Bókfært verð í ársbyrjun	49.020.724	50.216.352
Afskriftir ársins	(1.195.628)	(1.195.628)
Bókfært verð í lok ársins	<u>47.825.096</u>	<u>49.020.724</u>
Bókfært verð í lok ársins greinist þannig:		
Kostnaðarverð	59.781.372	59.781.372
Samsafnaðar afskriftir	(11.956.276)	(10.760.648)
Bókfært verð í lok ársins	<u>47.825.096</u>	<u>49.020.724</u>

Fasteignamat í árslok 2013 nam 49,3 milljónum og brunabótamat 76,8 milljónum króna. Í lok árs 2012 nam fasteignamat 46,9 milljónum og brunabótamat 76,0 milljón króna.

19. Varúðarniðurfærsla

Þann 11. nóvember 2013 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Sveitarfélagsins Skagafjarðar gegn Lánasjóði sveitarfélaga. Lánasjóðnum er í dómnum gert að leiðrétta það lán sem ágreiningur var um, þar sem dómurinn telur það hafa verið í íslenskum krónum og með ólögumætri gengistryggingu. Leiðrétting lánsins samkvæmt dómi héraðsdóms nemur 114 milljónum króna. Þar sem lánið er enn fært í bókum sjóðsins í erlendri mynt, þá hefur gengi áhrif á þá fjárhæð sem mun nema bókfærðum áhrifum á Lánasjóðinn, en í árslok 2013 nemur varúðarfærsla sjóðsins vegna þessa um 99,5 milljónum króna. Þann 30. desember 2013 ákvað stjórn sjóðsins að áfrýja dómnum til Hæstaréttar.

20. Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþrósentia*		2013	2012
	2013	2012		
Óskráð skuldabr.útg., lokagj. 2013		5,00%	0	18.692.659
LSS '03, lokagjalddagi 2018	5,17%	5,17%	554.290.946	653.267.804
LSS '04, lokagjalddagi 2019	4,08%	4,08%	1.233.932.563	1.387.963.970
LSS '05-2, lokagjalddagi 2022	4,30%	4,30%	5.489.750.481	5.866.819.200
LSS 150224, lokagjalddagi 2024	4,73%	4,91%	28.549.782.529	27.136.814.467
LSS 150434, lokagjalddagi 2034	3,72%	3,30%	13.792.572.177	1.471.247.083
LSS '08 1, lokagjalddagi 2034	5,29%	5,25%	2.604.852.959	7.126.494.794
Verðbréfaútgáfa samtals			<u>52.225.181.655</u>	<u>43.661.299.977</u>

* Vegin meðaltals vaxtaþrósentia er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

21. Aðrar langtímalántökur

	Vegið meðaltals vaxtaálag		2013	2012
	2013	2012		
EUR lán (Euribor-álag)	0,22%	0,22%	7.431.906.196	9.111.796.975
USD lán (Libor-álag)	0,17%	0,17%	612.478.522	795.637.786
ISK lán (verðtryggð)	6,09%	6,09%	627.865.587	757.102.948
Aðrar lántökur samtals			<u>8.672.250.305</u>	<u>10.664.537.709</u>

22. Skammtímalántökur

	vaxtaþrósentia		2013	2012
	2013	2012		
ISK lán (óverðtryggð)	5,25%	5,20%	<u>355.854.859</u>	<u>359.199.348</u>

23. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni fer fram árlega og er hún færð í ársreikninginn í lok hvers árs miðað við 2,0% ársvexti og lífslíkur skv. reynslu árána 2007-2011 og 50% af örorkulíkum. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning skuldbindingarinnar.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:	2013	2012
Frá fyrra ári	52.861.269	53.383.944
Greiddur lífeyrir á árinu	(624.358)	(428.621)
Hækkun (lækkun) skuldbindingar	4.298.259	(94.054)
Lífeyrisskuldbinding samtals	<u>56.535.170</u>	<u>52.861.269</u>

24. Aðrar skuldir

	2013	2012
Lánardrottinnar	5.427.980	2.493.235
Ógreidd launatengd gjöld	2.537.809	2.081.542
Aðrar skuldir samtals	<u>7.965.789</u>	<u>4.574.777</u>

25. Eigið fé

Lágmarks eigin fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt byggt á Basel II reglunum. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu.

Í árslok 2013 nam heildarhlutfé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn sjóðsins, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall sjóðsins.

	2013	2012
Eiginfjárgrunnur		
Hlutfé	5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé	9.527.090.702	9.220.003.773
Eiginfjárgrunnur samtals	15.777.090.702	15.470.003.773
Áhættugrunnur		
Útlánaáhætta	21.355.364.361	21.454.045.239
Markaðsáhætta	369.429.000	588.961.000
Rekstraráhætta	1.893.052.318	2.159.048.079
Áhættugrunnur samtals	23.617.845.679	24.202.054.318
Eiginfjárlutfall		
Eiginfjárlutfall	67%	64%

Sjóðurinn metur eiginfjárbörf sína með svonefndu ICAAP ferli og skilaði til FME skýrslu þar um á árinu 2013. Mat sjóðsins á eiginfjárbörf með ICAAP ferlinu er lykilkþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

26. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn og varastjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem eru á meðal 10 stærstu hluthafa sjóðsins. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til tengdra aðila eru sem hér segir:

	2013	2012
Staða 1. janúar	34.636.543.873	34.476.464.717
Ný lán	10.116.589.996	2.627.232.000
Afborganir lána	(3.958.415.745)	(5.495.203.393)
Aðrar breytingar	2.381.389.144	3.028.050.549
Staða í árslok	43.176.107.268	34.636.543.873

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við tengda aðila á árinu 2013.

27. Lánveitingar

Hér að neðan má sjá sundurliðun á árslokastöðu lána þeirra sveitarfélaga sem eru lántakar hjá lánasjóðnum, samtals 61.489 m.kr. Auk þess hefur lánasjóðurinn veitt lán til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga að fjárhæð 7.826 m.kr.

Sveitarfélag	Fjárhæð m.kr.	Íbúafj. 31.12.'12	Sveitarfélag	Fjárhæð m.kr.	Íbúafj. 31.12.'12
Kópavogsbær	10.425	31.726	Seyðisfjarðarkaupstaður	534	676
Hafnarfjarðarkaupstaður	6.936	26.808	Hrunamannahreppur	373	784
Sveitarfélagið Árborg	3.976	7.826	Rangárþing eystra	363	1.735
Fjarðabyggð	3.678	4.629	Djúpavogshreppur	279	452
Mosfellsbær	3.078	8.978	Þingeyjarsveit	278	914
Flijótsdalshérað	2.664	3.434	Fjallabyggð	268	2.012
Garðabær	2.639	13.872	Húnaþing vestra	264	1.177
Akureyrarkaupstaður	2.617	17.966	Dalabyggð	242	665
Ísafjarðarbær	1.992	3.748	Mýrdalshreppur	228	462
Sveitarfélagið Skagafjörður	1.974	4.010	Sveitarfélagið Hornafjörður	210	2.166
Reykjanesbær	1.794	14.231	Skaftárhreppur	204	443
Akraneskaupstaður	1.735	6.625	Langesbyggð	189	523
Borgarbyggð	1.504	3.469	Breiðdalshreppur	163	180
Sveitarfélagið Ölfus	1.362	1.900	Eyjafjarðarsveit	141	1.012
Sandgerðisbær	1.325	1.581	Vopnafjarðarhreppur	128	687
Stykkishólmurbær	992	1.112	Hörgársveit	98	566
Hveragerðisbær	934	2.291	Seltjarnarneskaupstaður	91	4.322
Grímsnes- og Grafningshreppur	877	422	Húnavatnshreppur	82	405
Grundarfjarðarbær	784	905	Tálknafjarðarhreppur	59	293
Reykjavíkurborg	754	119.764	Reykhólahreppur	50	280
Vesturbyggð	722	941	Grytubakkahreppur	38	360
Norðurþing	709	2.864	Hvalfjarðarsveit	34	610
Snæfellsbær	681	1.722	Súðavíkurhreppur	23	179
Bolungarvíkurkaupstaður	629	918	Flóahreppur	22	639
Blönduósibær	618	878	Strandabyggð	20	518
Rangárþing ytra	588	1.518	Kaldrananeshreppur	15	100
Dalvíkurbyggð	548	1.864	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	11	504
Bláskógabyggð	547	897			

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum, s.s. ársskýrslum og fyrir fjárfesta, sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflagð í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

28. Hluthafar

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Hér að neðan má sjá sundurliðun allra hluthafa sjóðsins.

Sveitarfélag	Eignarhl. í %	Sveitarfélag	Eignarhl. í %
Akrahreppur	0,08%	Kópavogsbær	5,52%
Akraneskaupstaður	2,41%	Langanesbyggð	0,54%
Akureyrarkaupstaður	5,49%	Mosfellsbær	1,49%
Árneshreppur	0,04%	Mýrdalshreppur	0,37%
Ásahreppur	0,04%	Norðurþing	2,22%
Bláskógabyggð	0,63%	Rangárþing eystra	1,67%
Blönduósbær	1,47%	Rangárþing ytra	1,72%
Bolungarvíkurkaupstaður	0,83%	Reykholahreppur	0,30%
Borgarbyggð	1,78%	Reykjanesbær	3,03%
Borgarfjarðarhreppur	0,09%	Reykjavíkurborg	17,47%
Breiðdalshreppur	0,35%	Sandgerðisbær	0,63%
Dalabyggð	0,61%	Seltjarnarneskaupstaður	1,16%
Dalvíkurbyggð	1,35%	Seyðisfjarðarkaupstaður	0,98%
Djúpavogshreppur	0,33%	Skaftárhreppur	0,38%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%	Skagabyggð	0,03%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,37%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%	Skorradalshreppur	0,02%
Fjallabyggð	2,39%	Skútustaðahreppur	0,21%
Fjarðabyggð	3,00%	Snæfellsbær	1,77%
Fljótshálsa	1,59%	Strandabyggð	0,45%
Fljótshálsa	1,59%	Stykkishólmur	1,85%
Flóahreppur	0,25%	Súðavíkurhreppur	0,30%
Garðabær	3,76%	Svalbarðarstandarhreppur	0,18%
Grindavíkurbær	1,09%	Svalbarðshreppur	0,08%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,22%	Sveitarfélagið Árborg	3,05%
Grundarfjarðarbær	0,60%	Sveitarfélagið Garður	0,46%
Grytubakkahreppur	0,13%	Sveitarfélagið Hornafjörður	1,35%
Hafnarfjarðarkaupstaður	4,25%	Sveitarfélagið Skagafjörður	2,34%
Helgafellssveit	0,02%	Sveitarfélagið Skagaströnd	0,29%
Hrunamannahreppur	0,24%	Sveitarfélagið Vogar	0,42%
Húnavatshreppur	0,15%	Sveitarfélagið Ölfus	0,86%
Húnaþing vestra	0,89%	Tálknafjarðarhreppur	0,20%
Hvalfjarðarsveit	0,22%	Tjörneshreppur	0,02%
Hveragerðisbær	0,96%	Vestmannaeyjabær	5,81%
Hörgársveit	0,17%	Vesturbyggð	1,32%
Ísafjarðarbær	4,15%	Vopnafjarðarhreppur	0,68%
Kaldrananeshreppur	0,06%	Þingeyjarsveit	0,34%
Kjósárhreppur	0,08%		

Stjórnarháttayfirlýsing

Við yfirlýsingu þessa um stjórnarhætti Lánasjóðs sveitarfélaga, hefur félagið stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í ritinu "Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2012. Stjórn telur að hlutverk og ábyrgð þeirra sem mynda stjórnkerfi fyrirtækisins verði skýrara með því að fylgja leiðbeiningunum.

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrfta, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrfta nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Eignarhald

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er í eigu allra sveitarfélaga landsins þar sem Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,4% hlut. Tíu stærstu hluthafarnir eiga 56% í félaginu en samtals eru sveitarfélög landsins, hluthafarnir, 74 talsins.

Stjórnarháttir

Stjórn lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2012. Í mars 2013 veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfundar, lögmati ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins (www.lanasjodur.is).

Frávik frá reglum um stjórnarhætti

Í fjármálaþyrfta skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun skv. lögum um fjármálaþyrfta nr. 161/2002. FME getur veitt undanþáguheimild með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar. Lánasjóðurinn hefur fengið slíka undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Deloitte ehf. sinnir innri endurskoðun lánasjóðsins og hefur gert frá árinu 2005.

Viðskiptaráð Íslands hvetur til þess að stjórn skipi sérstaka starfskjaranefnd til að setja félaginu starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, eigi þeir sæti í stjórn, um laun og önnur starfskjör. Stjórn lánasjóðsins ákvað að setja ekki á fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis þrír starfsmenn starfa hjá sjóðnum auk þess sem laun starfsmanna eru tengd við launakjör starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Áhættustýring og innra eftirlit

Sem lánaþyrfta stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að sjá til þess að áhætta sé metin, henni stýrt og haldið innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans. Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart

eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni.

Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega auk þess sem stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd til að vera sér innan handar varðandi eftirlit með vinnuferlum reikningsskila, áhættustýringar og innra eftirlits. Þá sér Deloitte um innri endurskoðun lánasjóðsins eins og áður var greint frá.

Ytri endurskoðun

Í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir lánasjóðsins þá er endurskoðunarfélag fyrirtækisins kosið á aðalfundi. Endurskoðunarfélag sjóðsins skal jafnan hafa aðgang að öllum bókom og skjölum félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Í samræmi við fyrrnefnd lög er ákvæði sem kveður á um að ráðningartími endurskoðenda hjá fjármálafyrirtækjum sé 5 ár í senn. Að þeim 5 árum liðnum má ekki kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki að nýju. Á aðalfundi sjóðsins þann 26. mars 2010, var KPMG kosið endurskoðunarfélag lánasjóðsins og því mun nýr endurskoðandi verða kjörinn á hluthafafundi sjóðsins á næsta ári, 2015.

Gildi félags og siðareglur

Stjórn hefur sett starfsmönnum sjóðsins siðareglur. Þar segir að starfsmenn lánasjóðsins eigi að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna lánasjóðsins í hvívetna. Þá eru starfsmenn sjóðsins í störfum sínum bundnir af lögum, reglum og samþykktum lánasjóðsins. Starfsmenn LS eru einnig meðvitaðir um þá samfélagslegu ábyrgð sem LS hefur að gegna og starfa í samræmi við það.

Starfsmenn lánasjóðsins hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórnun og rekstur lánasjóðsins.

Stjórn lánasjóðsins mótastefnu og hefur eftirlit með rekstri lánasjóðsins. Starfsmenn lánasjóðsins gæta þess að framkvæmd stjórnýslu og rekstrar lánasjóðsins sé ávallt eins og best verður á kosið.

Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem fram kemur að stjórnarmenn skuli afla sér þekkingar á helstu þáttum í starfsemi lánasjóðsins, fjárhagslegri uppbyggingu hans og helstu áhættum. Þeir skulu jafnframt kynna sér ákvæði laga um lánasjóðinn, laga um fjármálafyrirtæki, laga um hlutafélög og laga um verðbréfavíðskipti eftir því sem við á, og reglur sem settar eru á grundvelli þessara laga og geta varðað rekstur lánasjóðsins. Sama gildir um leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins (FME).

Stjórnskipulag lánasjóðsins

Helstu einingar í stjórnskipulagi lánasjóðsins eru stjórn og framkvæmdastjóri félagsins. Þá hefur stjórn skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og kjörnefnd sem kemur með tillögu að uppstillingu stjórnar fyrir aðalfundi ár hvert. Starfsreglur stjórnar, endurskoðunarnefndar og kjörnefndar er að finna á heimasíðu félagsins (www.lanasjodur.is).

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við samþykktir félagsins fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum félagsins innan þeirra marka sem landslög og samþykktir félagsins ákveða.

Stjórn félagsins boðar til hluthafafunda og getur ákveðið hvar þeir skuli haldnir. Til hluthafafunda skal boða með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfund á að auglýsa á sama hátt með tveggja vikna fyrirvara og skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

Stjórn og framkvæmdastjóri lánasjóðsins.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á uppgjöri sjóðsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi félagsins fylgja. Lagarammi lánasjóðsins gerir einnig kröfu um hæfi framkvæmdastjóra en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Framkvæmdastjóri lánasjóðsins hefur staðist framangreint hæfismat.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann. Þá starfa 3 starfsmenn hjá félaginu og þar af einn framkvæmdastjóri sem einnig situr stjórnarfundum félagsins.

Stjórn heldur fundi mánaðarlega og starfar samkvæmt starfsáætlun sem sett er í lok undanliðins árs. Stjórn félagsins hélt 13 stjórnarfundum á árinu 2013 og var stjórn fullskipuð á öllum þeim fundum.

Framkvæmdastjóri lánasjóðsins :

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri. Óttar hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá því haustið 2008. Óttar hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1992 og hefur m.a. starfað á Íslandi hjá Íslandsbanka, Kaupþingi, og Landsbréfum og á Englandi hjá SEB og Raphael&Sons. Óttar er með MSc í fjármálum frá London Business School og MSc og BSc í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Stjórn lánasjóðsins :

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sjóðsins sem fram fór á Grand Hótelu þann 15.mars 2013 og hana skipa:

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður. Magnús hefur setið sem formaður stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2003. Hann er núverandi sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 1990. Þess fyrir utan situr hann í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Varamaður Magnúsar í stjórn er **Ásta Stefánsdóttir**, framkvæmdastjóri Árborgar.

Kristinn Jónasson, varaformaður stjórnar. Kristinn hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 1999 og þar af sem varaformaður frá árinu 2005. Kristinn er rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Bifröst og er núverandi bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Hann hefur starfað sem bæjarstjóri frá árinu 1998 og situr þar að auki í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Varamaður Kristins í stjórn er **Bryndís Gunnlaugsdóttir**, bæjarfulltrúi í Grindavíkurbæ.

Svanfríður Jónasdóttir, aðalmaður í stjórn. Svanfríður hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2006. Svanfríður er sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð og hefur starfað sem slík frá árinu 2006. Svanfríður hefur lokið meistaranámi í menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands og diplómaprófi í stjórnun. Svanfríður hefur verið aðstoðarmaður fjármálaráðherra, alþingismaður auk þess sem hún situr í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Varamaður Svanfríðar í stjórn er **Páll Björgvin Guðmundsson**, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Elliði Vignisson, aðalmaður í stjórn. Elliði hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2010. Elliði er bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 2006. Elliði er menntaður sálfræðingur frá Háskóla Íslands auk þess sem hann hefur kennsluréttindi og meistaraþróf í klínískri sálfræði frá University of Copenhagen. Þar fyrir utan situr hann í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Varamaður Elliða í stjórn er **Hilmar Sigurðsson**, framkvæmdastjóri CAOZ hf.

Helga Benediktsdóttir, aðalmaður í stjórn og formaður endurskoðunarnefndar LS. Helga hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2012 og sem formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins frá maí 2013. Hún starfar sem deildarstjóri fjárfestingardeildar innan fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og hefur starfað sem slík frá árinu 2012. Þar áður var hún framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu og innri

málefna Teris á árunum 2006-2011. Helga er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur auk þess lokið ýmsum námskeiðum frá Endurmenntunardeild Háskóla Íslands á sviði viðskiptafræða. Varamaður Helgu í stjórn er [Ólafur Þór Ólafsson](#), bæjarfulltrúi hjá Sandgerðisbæ.

[Endurskoðunarnefnd lánasjóðsins :](#)

Endurskoðunarnefnd sjóðsins var skipuð á stjórnarfundi sjóðsins þann 8.maí 2013 en hana skipa:

[Helga Benediktsdóttir](#), formaður, deildarstjóri fjárstýringardeildar Reykjavíkurborgar

[Birgir L. Blöndal](#), nefndarmaður, fyrrverandi lánastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga.

[Anna Skúladóttir](#), nefndarmaður, endurskoðandi.

Helga Benediktsdóttir kom ný inn í endurskoðunarnefnd í stað fráfarandi formanns hennar, Jónmundar Guðmarssonar.

Endurskoðunarnefnd lánasjóðsins starfar í samræmi við 108.gr. laga um ársreikninga. Hún hefur sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
- Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Meta óhæði endurskoðenda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans
- Setja fram tillögu til stjórnar um val endurskoðanda

Nefndin hélt 6 fundi á árinu og var nefndin fullskipuð á þeim fundum.

[Kjörnefnd lánasjóðsins :](#)

Kjörnefnd lánasjóðsins á árinu 2013 var skipuð af stjórn á stjórnarfundi 29. janúar 2013. Þar var sú tillaga samþykkt að kjörnefnd sjóðsins skyldi starfa áfram óbreytta frá fyrra ári. Kjörnefnd skipuðu:

[Erling Ásgeirsson](#), formaður, bæjarfulltrúi Garðabæjar

[Óttar Proppé](#), nefndarmaður, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar

[Drífa Kristjánsdóttir](#), nefndarmaður, aðalmaður í sveitarstjórn Bláskógabyggðar

Stjórn hefur sett kjörnefnd starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Auglýsa eftir framboðum og setja tímafresti
- Fara yfir framboð sem berast til stjórnar
- Stilla upp tillögu að stjórn og varastjórn fyrir aðal- eða hluthafafund
- Ákveða með hvaða hætti varamenn koma inn í forföllum aðalmanna

Nefndin hélt 3 fund á árinu og var nefndin fullskipuð á tveimur fundum en Erling Ásgeirsson forfallaðist á einum fundi. Að auki var nefndin í síma og tölvasamskiptum.

[Árangursmat stjórnar](#)

Stjórn lánasjóðsins hefur metið störf sín út frá „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ og var það mat framkvæmt fyrst á árinu 2013. Matið var svokallað sjálfsmat, þar sem lagðar voru spurningar fyrir stjórnarmenn í tengslum við mat þeirra á eigin störfum eftir forskrift framangreindra leiðbeininga. Niðurstaða matsins verður leiðbeinandi til úrbóta á þeim atriðum sem stjórn þótti ástæða til að endurskoða og er það þáttur í að efla stjórnarhætti félagsins.